

DYNICE™

DATA



HAMPIÐJAN

– fyrir öll heimsins höf

Hegðun höfuðlínukapals á togi

Það eru þrjár megin kraftar sem hafa áhrif á höfuðlínukapal við togveiðar.

Einn þeirra er sjóþungi stálkapalsins. Hann sekkur því undan eigin þunga og leitar niður á við. Annar er viðnám stálkapalsins þegar hann er dreginn í sjónum. Sá þriðji er spilátakið sem þarf til að halda kaplinum strekktum og halda höfuðlínustykkinu uppi.


Þegar átak á kapalvindu hefur verið stillt rétt þá strekkist á kaplinum. Ef notaður er stálvír þá sveigist hann niður á við undan eigin þunga.

DynIce Data hefur svipaðan halla en sveigist upp á við vegna þess hve léttur kapallinn er í sjónum og viðnámið ýtir honum upp og aftur.

DynIce Data höfuðlínukapallinn fer því ekki í gegnum fiskitorfur fyrir framan veiðarfærið með tilheyrandi aflamissi.

Ef of mikið slakast út af stálhöfuðlínukapli þá leitar hann niður á við og getur þá rekist utan í togvíra og hlera í beygjum og jafnvel farið í eða undir trollið og skemmt veiðarfærið. Við þessar aðstæður getur stálkapallinn skaddast eða slitnað við átökin að ná honum aftur um borð í skipið.

DynIce Data kapallinn er það léttur að hann leitar upp á við og þá ofan við veiðarfærið.



DynIce Data höfuðlínukapall var fyrst tekinn í notkun um borð í færeyska fjölveiðiskipinu Tróndur í Gøtu FD-175, árið 2011.

Lengd kapalsins á kapalvindu skipsins er 2.700 m.

Frits Thomsen skipstjóri segir að myndin á trollsónar-skjánum í brú sé mjög skýr og greinileg og það sama gildi um fiskilóðningar þegar þær birtast í trollopinum.




DYNICE DATA

Léttur gagnaflutningakapall fyrir úthafsveiðar

Dynlce Data er einkaleyfisvarinn samása gagnaflutningakapall með koparleiðara og skermingu í Dynlce Dux kaðli.

Sérhannaður til gagnaflutninga frá trollsónar til stjórnstöðvar í brú, þegar mikið átak er á kaplinum í notkun.


Kapallinn samanstendur af koparleiðara í miðju og skermi af koparpráðum sem eru vafðir þétt utan um hann til að varna gegn rafsegulbylgjum. Gagnakapallinn má einnig nota sem öflugan eins fasa leiðara.



Dynlce Data					
Heildar þvermál	Slitþol ósplæst	Örugg lyftigetna við 5:1	Eðlis þyngd	Þyngd kapals í lofti	Þyngd kapals í sjó
mm	tonn	tonn	kg/dm ³	kg/m	kg/m
13,0	7,5	1,4	1,35	0,163	0,038
14,2	9,5	1,7	1,25	0,181	0,030

Koparleiðari	2,19 mm ²
Koparvörn með 95% dekkun	4,17 mm ²
Viðnám leiðara	11,0 ohm/km
Viðnám skerms	5,7 ohm/km
Samviðnám	41 ohm
Rýmd	151 pF/m
Deyfing við 40 kHz	0,023 dB/km

Eiginleikar	
Efni	Dyneema, PE og kopar
Uppbygging	Co-Axial
Tognun	5,0%
Litur	Svartur
Eðlisþyngd	1,25–1,35
Bræðslumark	144–152°C
Hámarkshiti	60°C
Vatnsupptaka	0%
UV mótstaða	Afar góð
Nuddþol	Mjög góð



„Við notuðum Dynlce Data höfuðlínukapallinn á kolmunna-trollið í vetur þar sem við vorum með höfuðlínuna niður á 300 metra dýpi.

Við fengum rúmlega 10 m hærra lóðréttu opnun sem jók veiðiflötinn um 2000 m² sem kom okkur þægilega á óvart. Dynlce Data kapallinn er mun eðlisléttari en gamli stálkapallinn og flýtur í sjónum fyrir ofan trollið og sekkur ekki niður undan eigin þunga.“

Segir Tómas Kárasón, skipstjóri nóta- og togveiðiskipsins Beitis NK



SAMANBURÐUR Á DYNICE DATA OG STÁLVÍR

Samanburður á eiginleikum

Stálkapall:

- ryðgar
- 2.000 m vega 880 kg ofan sjávar
- 2.000 m vega 676 kg í sjó
- eðlisþyngd 4,47
- getur skemmt troll og Dynlce Togtaugar
- endist í um 1-2 ár

Dynlce Data:

- ryðgar ekki
- þyngd 2.000 m ofan sjávar er 326 kg
- þyngd 2.000 m í sjó er 76 kg
- eðlisþyngd 1,35
- skemmir ekki troll eða Dynlce Togtaugar
- endist í 4 ár eða lengur

